PRENTAÐ: 7.3.2024 13:28:42




## GRUNNMYND
mkv: 1 : 50




## ÞAK
mkv: 1 : 50




## Loftaplan
mkv: 1 : 50

# Gólfefni

**Flísar**
Verktaki skal leggja til og leggja flísar á gólf. Öll efni skulu falla hvert að öðru, þ.e. ekkert efni má rýra eiginleika annars (spartsl, rakaþétting, grunnur, lím).
Áður en lagning hefst skal mæla rakastig gólfplötu til að ganga úr skugga um að rakastig þeirra sé undir viðmiðunarmörkum límframleiðanda.
**Undirvinna gólfa:**
Gera verður ráð fyrir að verktaki þurfi að gera við tilfallandi skemmdir í gólfum áður en eiginleg flísalögn hefst. Gólfin grunnast með viðeigandi gólfgrunni, sem skal vera valinn í samræmi við fyrirmæli framleiðanda gólfspartls, límefna og gólfefna.
Áður en lagning gólfefna hefst skal mæla rakastig gólfflatarins til að ganga úr skugga um að rakastig hans sé undir viðmiðunarmörkum límframleiðanda.
Vanda skal allan frágang við niðurföll og fylgja öllum leiðbeiningum framleiðanda.
Gólflísar skal plana við aðlæg gólfefni og samskeyti flísa og aðlægra gólfefna skal vera skv. gólfefnateikningum hönnuða.
Lím: Gólfefnalím skal vera vatnshelt og valið í samráði við söluaðila gólfflísa.
Flísar: Gólfflísar skulu vera frá viðurkenndum framleiðanda.
Endanlegt val á flísum og alls fúguefnis ber að fá samþykkt af eiganda og hönnuði áður en framkvæmd hefst, nógu tímalega til að hægt sé að finna annað efni án þess að seinka verkþættinum.
**Fúgur:**
Fúgur skulu vera bornar undir hönnuð. Fúgumassa skal velja í samráði við söluaðila flísa.
Endanlegan lit fúga skal velja í samráði við hönnuð.
Vatnsþéttilag: Skal vera frá viðurkenndum framleiðanda. Það skal vera úr samhangandi efnum, þ.e.a.s. að efnin sem nota skal, skulu undirbyggja hvort annað og ekki rýra önnur efni. Undirlag skal vera rykfrítt, hreint og þurrt. Bera skal grunn á yfirborð skv. leiðbeiningum framleiðanda áður en sjálft vatnsþéttilagið er borið á. Vanda skal frágang við niðurföll og önnur göt í vatnsþéttilagi t.a.m. til blöndunartækja og notast við kverkaborða og teygjudúk skv. fyrirmælum framleiðanda.
Að öllu leyti skal fylgja fyrirmælum framleiðanda til að tryggja að ábyrgð framleiðanda gildi.
Prufa: Verktaki skal fá samþykkt sýnishorn af gólfflísalögn áður en hafist er handa við verkþáttinn á fullu. Sýnishornið skal vera framkvæmt tímanlega til að hægt sé að vinna nýtt sýnishorn ef það fyrra uppfyllir ekki væntingar eftirlitsaðila. Þegar sýnishorn hefur verið samþykkt getur það verið hluti af endanlegum verktþætti.
**Flísar:**
Lögð er áhersla á að fagmannlega sé staðið að lögn flísanna, t.d. að flísar verði ekki í misjafnri hæð. Þegar lögð er 3 metra réttskeið á gólf skal ekki leyfð meiri skekkja á allri lengdinni en 1-3 mm. Milli einstakra flísa má munur ekki fara upp fyrir 1,5 mm. Gerð er krafa um mikla nákvæmni við flísalögnina þegar flísar koma að aðliggjandi gólfefni. Staðsetja skal flísalögn svo að hvergi sé notuð flís sem er minni en helmingur af breidd eða lengd þar sem því er við komið. Flísar skulu dökk-gráar að lit og skulu nánari lita og efnisval á flísum vera háð samþykki eftirlitsmanns verkkaupa.

**Vélslípað og málað gólf:**
Gólf skal vera vélslípað og málað í tæknirými og töflurými. Hæðarmunur má hvergi vera meiri en +/- 3 mm frá uppgefnum kótum og hvergi má muna meiru en 2 mm á fleti med 1500 mm þvermál. Þar sem niðurföll eru sýnd á gólfum skal hafa minnst 1% halla að gólfniðurfalli. Verktaki skal kynna sér gerðir og þykkt gólfefna áður en gengið er frá gólfi og gæta þess að endanleg hæð gólfa verði rétt. Ef nota skal hersluefni í yfirborð skal fara eftir leiðbeiningum framleiðenda þeirra efna um magn þeirra efna og vinnutilhögun. Sama gildir um ef nota skal litarefni í yfirborð. Þegar búið er að vélslípa gólf skal verktaki mála gólf með epoxy gólfmálningu í lit RAL7042. Áður en málun hefst skulu allir fletir vera hreinir og þurrir og rakastig gólfplötu skal ekki vera meira en 2%. Verktaki skal hreinsa og mála gólf með viðeigandi efnum skv. framleiðanda gólfmálningu.

**Grind yfir gryfju:**
Verktaki skal sjá um að setja grindargólf yfir gryfjur í töflutrými skv. teikningum. Grindargólf skal vera úr Weland ristum eða sambærilegu og skal notast við festingar og leiðbeiningar frá framleiðanda grindargólfs við uppsetningu. Sjá deiliteikningar fyrir útfærslu.

**Gólflistar:**
Verktaki skal leggja fram lista í samræmi við teikningar. Listar skulu vera úr áli skv. deiliteikningum. Frágangslistar skulu vera allstaðar þar sem gólf og veggur mætist. Verktaki skal nota viðeigandi efni/festingar skv. framleiðanda til þess að koma fyrir listum og festa þá. Mikilvægt er að frágangur á samskeytum sé snyrtilegur.

# Innveggir

**Léttir gifsveggir:**
Framkvæmd: Verktaki skal leggja til og setja upp létta innveggi, samkvæmt teikningum og veggjayfirliti, ásamt festingum og öllu tilheyrandi sem þarf til að fullklára verkþáttinn.
Aðferð: Vinnubrögð skulu miðast við góðar hefðir og venjur. Verktaki skal kynna sér hverja veggjatýpu fyrir sig áður en uppsetning hefst. Setja skal styrkingar í veggi fyrir innréttingar og búnað þar sem það á við. Þá skal verktaki einnig gera ráð fyrir, útbúa og ganga frá úrtökum í veggi fyrir búnað þar sem það á við.

**Steyptur innveggur:**
Framkvæmd: Verktaki skal leggja til og setja upp frágang á steyptum innvegg, samkvæmt teikningum og veggjayfirliti, ásamt festingum og öllu tilheyrandi sem þarf til að fullklára verkþáttinn.
Aðferð: Miða skal við uppbyggingu frá viðurkenndum framleiðanda og fyrirmælum varðandi frágang og uppsetningu. Verktaki skal kynna sér hverja veggjatýpu fyrir sig áður en uppsetning hefst. Setja skal styrkingar í veggi fyrir innréttingar og búnað þar sem það á við. Þá skal verktaki einnig gera ráð fyrir að rafvirkjar og pípari fái tíma til þess að koma fyrir lögnum þar sem það á við, áður en vegg er lokað. Koma þarf fyrir, útbúa og ganga frá úrtökum í veggi fyrir búnað þar sem það á við.

Steyptir útveggir og innveggir í þjónusturými verða klæddir að innan skv. teikningum og veggjayfirliti.

Sjá uppbyggingu veggja á teikningu í veggjayfirliti.

# Málun

**Málun og spörtlun gifsveggja:**
Verktaki skal spartla og mála alla gifsveggi, ásamt öllu tilheyrandi sem þarf til að fullklára verkþáttinn.
Spartla skal alla gifsveggi og slípa þar til flöturinn er orðin sléttur og gallalaus, setja skal úthornalista á öll horn spartla og slípa. Öll samskeyti skulu vera frágengin með viðeigandi pappírsborða. Í votrýmum skulu veggir spartlaðir með rakaspartli. Yfirborðsmeðhöndla skal spartlaða veggi með vantsþynnanlegri grunnmálningu án mengunar af leysiefnum. Mála skal yfir grunn með vatnsþynnanlegri, lyktarlausri akrylmálningu sem inniheldur enginn leysiefni, ammóníak eða formaldehýð. Gljástig á málningu skal ekki vera hærri en 7%. Mála skal að lágmarki tvær umferðir.
· VOC-efni: Skv. reglugerð 1025/2005.
· Efnisnotkun ekki minni en 0,1 l/m² í umferð.
· Litur: Hvítur, RAL NCS S 0500 N/ RAL 9016 sem almennur litur
· Endanlegt litarval á að gerast í samráði við hönnuð.

**Málun og spörtlun steyptra veggja:**
Verktaki skal spartla og mála, steypta innveggi ásamt innri hlið útveggja og öllu tilheyrandi sem þarf til að fullklára verkþáttinn.
Heilspartla skal alla steypta veggi með viðeigandi- og viðurkenntu spartli og slípa þar til flöturinn er orðin sléttur og gallalaus. Yfirborðsmeðhöndla skal heilspartlaða veggi með vantsþynnanlegri grunnmálningu án mengunar af leysiefnum. Mála skal yfir grunn með vatnsþynnanlegri, lyktarlausri plastmálningu sem inniheldur enginn leysiefni, ammóníak eða formaldehýð. Gljástig á málningu skal ekki vera hærri en 7%. Mála skal að lágmarki tvær umferðir.

· VOC-efni: Skv. reglugerð 1025/2005.
· Efnisnotkun ekki minni en 0,1 l/m² í umferð.
· Litur: Hvítur, RAL NCS S 0500 N/ RAL 9016 sem almennur litur.
· Endanlegt litarval á að gerast í samráði við hönnuð.

Spörtlun steyptra útveggja að innan
Verktaki skal spartla steypta útveggi að innan:
· Múrefni: Múrefni skv. EN 998-2
· Leyfileg frávik:
Lengd og breidd ± 1,5mm
Hæð ± 1,5mm
· Spartl: Hefðbundið sandspartl. Heilspartlað




## Veggjayfirlit
mkv: 1 : 10

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Andri Martin Sigurðsson
Kt. 1705834429
Dags. 3.4.2024 13:33:16
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Hafnarfjarðarkaupstaður - byggingarfulltrúi
Dags. 8.4.2024 09:03:21
Ástæða: Uppdráttur yfirfarinn og staðfestur.

## SKÝRINGAR:
Allar málsetningar eru í mm nema annað sé tekið fram
Allir hæðarkótar eru í m
Allir hæðarkótar eru í ISH2004
Öll hnit eru í ISNET93

0m 1m 2m 3m 4m 5m
1:50 (A1)

## ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 11.01.2024 | BYGGINGARTEIKNING | SIS | AMS | AMS |

| DAGS. UNDIRSKRIFTAR | F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.) |
|---|---|
| 01.03.2024 | Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429<br>anmsn@cowi.com<br>s: 8219839 |

| DAGS. UNDIRSKRIFTAR | SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.) |
|---|---|
| 01.03.2024 | Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429<br>anmsn@cowi.com<br>s: 8219839 |

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: 28.03.23 - ÚTGÁFA: 01

HÖNNUÐUR
MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS
Stöðvarhús II - Mhl. 19
Óseyrarbraut 16
220 Hafnarfjörður

HEITI TEIKNINGAR
VERKTEIKNING
Grunnmynd

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | STÆRÐ |
|---|---|---|
| 07.03.24 | 1 : 50 | A1 |

| VERKNÚMER | VERKHLUTI | TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|
| 2.110.157 | 000 | CDR-0101 | 01 |

TÖLVUSKRÁ: Autodesk Docs://Colas - Óseyrarbraut 16/BIK_A_ARK.rvt

PRENTAÐ: 7.3.2024 13:28:43

Samþykkt
Hafnarfjörður
Byggingarfulltrúi

## SKÝRINGAR:

Allar málsetningar eru í mm nema annað sé tekið fram
Allir hæðarkótar eru í m
Allir hæðarkótar eru í ISH2004
Öll hnit eru í ISNET93




**A-A**
mkv: 1 : 50




**B-B**
mkv: 1 : 50




**C-C**
mkv: 1 : 50

# Loft

Verktaki skal sjá um alla vinnu við uppsetningu og frágang lofta.
Verktaki skal bjóða heildstæðar kerfislausnir frá viðurkenndum og reyndum framleiðendum og leggja fram upplýsingar um lausnir og frágang sem kerfið býður og verkkaupi samþykkir.
Þar sem lagnir/stokkar koma fyrir ofan niðurtekin loft skal verktaki sjá til þess að allar lagnir/stokkar verði frágengnar áður en lofti verður lokað. Mögulegt er að hnika verði til festingum og festislám vegna t.d. loftstokkalagna.
Innifalið í vinnu við loftaklæðningar er að taka úr loftum fyrir lömpum, brunaskynjurum, lofttúðum o.s.frv. og skal sú vinna unnin í samvinnu við viðkomandi verktaka.
Öll op eða göt fyrir lagnir eða búnað skal innifela í hverjum verklið fyrir sig.
Endanlegt val á loftum skal samþykkt af hönnuði og eftirlitsmanni verkkaupa.

**Kerfisloft:**
Kerfisloft verður í þjónusturými og salerni þjónusturýmis.
Framkvæmd: Verktaki skal leggja til og setja upp kerfisloft (hljóðdeyfiplötur), ásamt festingum og öllu tilheyrandi sem þarf til að fullklára verkþáttinn.
Aðferð: Grindin skal hengd upp í rétta hæð miðað við teikningar hönnuða með þar til gerðum upphengjum sem tilheyra kerfinu. Meðfram köntum skal setja Z-vegglista/skuggavegglista og skulu listarnir vera hluti þessa verkþáttar. Uppsetning skal vera skv. fyrirmælum framleiðanda.
Götun fyrir lögnum og búnaði skal vera innifalin í tilboðslið þessum.
Litur skal vera valinn í samráði við verkkaupa og af hönnuði.
Innifalið í skal vera undirbygging fyrir festingar og búnað skv. teikningum hönnuða.

**Gifsklætt loft:**
Loft í tæknirými og töflurými verður klætt með gifsi skv. teikningum. Loft fyrir ofan kerfisloft í þjónusturými skal vera klætt með gifsi fyrir ofan kerfisloft.

# Járn og blikksmíði

**Handrið:**
Verktaki skal, hanna, leggja til og setja upp stálhandrið samkvæmt teikningum, ásamt festingum og öllu tilheyrandi sem þarf til að fullklára verkþáttinn.

Handrið eru stáleiningar, með jöfnu bili milli pílára, sem skal smíða skv. teikningum hönnuða úr flatstáli og sem boltast við burðarvirki. Hæð frá yfirborði gönguleiðar skal ekki vera minna en 1100 mm. Allar samsetningar skulu vera heilsoðnar. Verktaki skal bera framleiðsluteikningar og litaprufu undir hönnuð. Suður skulu almennt útfærðar þannig að þær séu áferðarfallegar. Allar suður skal gjall hreinsa, bursta og slípa til ef um miklar ójöfnur er að ræða. Öll sár, eftir kveikingu og suðulús skulu slípuð burt. Verktaki skal jafnframt fjarlægja öll ummerki eftir hjálpartæki við suðuvinnu.

**Þakrennur:**
Verktaki skal setja upp og ganga frá þakrennum á þaki ásamt öllu efni og vinnu sem þarf til að fullklára verkþáttinn. Verktaki leggur til og kemur fyrir þakrennum úr áli eða heitgalvanhúðuðu stáli og með húð úr polyester lakki. Þakrennur skulu vera með niðurfallsstútum og laufrist og hafa þvermál amk. 100 mm.

Rennubönd og festingar á niðurfallsrörum skulu vera af nægjanlegum fjölda og nægjanlegum styrk til þess að þau þoli þá áraun sem hún mun verða fyrir. Hámark 0,7 m á milli rennubanda. Allar skrúfur og festingar skulu vera heitgalvanhúðaðar. Um festingar á rennuböndum fylgja leiðbeiningum framleiðanda.

Litur þakrenna skal vera RAL9010

**Þakniðurföll:**
Verktaki skal setja upp og ganga frá þakniðurföllum ásamt öllu efni og vinnu sem þarf til að fullklára verkþáttinn. Verktaki leggur til og kemur fyrir þakniðurföllum úr áli eða heitgalvanhúðuðu stáli og með húð úr polyester lakki. Niðurfallsrör skulu vera 90 mm að þvermáli.

Festingar á niðurfallsrörum skulu vera af nægjanlegum fjölda og nægjanlegum styrk til þess að þau þoli þá áraun sem hún mun verða fyrir. Allar skrúfur og festingar skulu vera heitgalvanhúðaðar. Um festingar á niðurfallsrörum skal fylgja leiðbeiningum framleiðanda.

Litur niðurfallsröra skal vera RAL9010.
Gæta skal sérstaklega að því að allt efni og festingar séu þannig að ekki sé um spennumun að ræða á milli efna. Allt efnisval og frágangur skal miða að því að hvergi komi til tæringar.

# Lóðarfrágangur

**Hellulögn:**
Verktaki skal útvega og leggja hellur ásamt ílagnarsandi eins og fram kemur á teikningum. Allar hellulagnir skulu vera á þjappaðri malarfyllingu minnst 60 cm á þykkt.
Ofan á malarfyllinguna komi 5 cm ílagnarsandur (hellusandur), sem hellurnar leggjast á.
Verktaki skal jafna svæðin eftir því sem hæðir á teikningum/uppdráttum gefa til kynna.

Hellusvæði skal jafna í réttar hæðir í samræmi við teikningar. Sandurinn skal þjappaður í tveimur umferðum með jarðvegsþjöppu, áður en leiðurum (rörum eða prófílum) er komið fyrir og þeir stilltir af í réttar hæðir. Gæta skal þess sérstaklega að yfirhæð sé 10-15 mm. við fasta fleti (s.s malbik, steypu) og kanta. Tryggja skal að vatn renni örugglega frá húsi með viðeigandi vatnshalla í hellulögn. Skafið er með réttskeið eftir leiðurum til að fá jafnan flöt. Fylla skal vandlega í raufar eftir leiðara áður en hellulögn hefst. Hellur skal leggja þannig að þær hvíli á öllum fletinum og hvergi verði mishæðir á hellubrúnum.  Ekki verður greitt fyrir sögun sem stafar af ónákvæmni verktaka í útsetningum. Óheimilt er að steypa í glufur á hellulögn.

**Malbikað yfirborð:**
Yfirborð utan við hús þar sem ekki er hellulagt verður malbikað.

**Tröppur:**
Verktaki skal sjá um að setja tröppur niður á malbikað plan skv. teikningum. Tröppurnar skulu vera Weland tröppur úr stáli eða sambærilegu og skal notast við festingar og leiðbeiningar frá framleiðanda við uppsetningu.

0m 1m 2m 3m 4m 5m
1:50 (A1)

| ÚTGÁFUFERILL | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
| 01 | 11.01.2024 | BYGGINGARTEIKNING | SIS | AMS | AMS |

DAGS. UNDIRSKRIFTAR
01.03.2024

F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

DAGS. UNDIRSKRIFTAR
01.03.2024

SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: 28.03.23 - ÚTGÁFA: 01

HÖNNUÐUR
MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS
Stöðvarhús II - Mhl. 19
Óseyrarbraut 16
220 Hafnarfjörður

HEITI TEIKNINGAR
VERKTEIKNING
Snið

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | | STÆRÐ |
|---|---|---|---|
| 07.03.24 | 1 : 50 | | A1 |
| **VERKNÚMER** | **VERKHLUTI** | **TEIKNINGANÚMER** | **ÚTGÁFA** |
| 2.110.157 | 000 | CDR-0201 | 01 |

TÖLVUSKRÁ: Autodesk Docs://Colas - Óseyrarbraut 16/BIK_A_ARK.rvt

PRENTAÐ: 7.3.2024 13:28:44

Samþykkt
Hafnarfjörður
Byggingarfulltrúi

## SKÝRINGAR:
Allar málsetningar eru í mm nema annað sé tekið fram
Allir hæðarkótar eru í m
Allir hæðarkótar eru í ISH2004
Öll hnit eru í ISNET93




## ÁSÝND - AUSTUR
mkv: 1 : 50




## ÁSÝND - NORÐUR
mkv: 1 : 50




## ÁSÝND - SUÐUR
mkv: 1 : 50




## ÁSÝND - VESTUR
mkv: 1 : 50

0m 1m 2m 3m 4m 5m
1:50 (A1)

ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 11.01.2024 | BYGGINGARTEIKNING | SIS | AMS | AMS |

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: 28.03.23 - ÚTGÁFA: 01

HÖNNUÐUR

MANNVIT
Urðarhvarf 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS
Stöðvarhús II - Mhl. 19
Óseyrarbraut 16
220 Hafnarfjörður

HEITI TEIKNINGAR
VERKTEIKNING
Ásýndir

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | STÆRÐ |
|---|---|---|
| 07.03.24 | 1 : 50 | A1 |

| VERKNÚMER | VERKHLUTI | TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|
| 2.110.157 | 000 | CDR-0301 | 01 |

TÖLVUSKRÁ: Autodesk Docs://Colas - Óseyrarbraut 16/BIK_A_ARK.rvt

PRENTAÐ: 7.3.2024 13:28:44




1 Útihurð - Þjónusturými
1 : 5




2 Útihurð - Tæknirými
1 : 5

# Útihurðir

Allar útihurðir eru úr áli/stáli. Hurðir skulu vera duftlakkaðar í litnum RAL9010 Hurðum skulu fylgja allar nauðsynlegar festingar, glerlistar, þéttilistar og annað sem nauðsynlegt er til endanlegs frágangs. Athygli er vakin á því að hér er um útihurðir að ræða sem þurfa að vera þéttar í samræmi við það.
Hurðir eru hefðbundnar hurðar sem opnast bæði út og inn og eru með viðnámsbremsu sem takmarkar opnun við 90°.
Hurðirnar skulu vera með minnst þremur lömum. Hurðaskrár skulu vera af viðurkenndri gerð. Þar sem þröskuldar verða álþröskuldar/stálþröskuldar með slitinni kuldabrú.
Hurðir skulu vera með rofinni kuldabrú, vatnsræstar og með hurðapumpum.
Hurðirnar koma með öllum útbúnaði á staðinn. Hurðirnar skulu þannig útbúnar að mögulegt verði að tengja við þjófavarnarkerfi- og hússtjórnunarkefi.
Handföng skulu vera rafbrynjuð.
Allur búnaður hurða skal vera CE vottaður.
Búnaður og kröfur hurða er tilgreindur í hurðaskrá.
Allur búnaður hurða skal vera hágæða búnaður sem stenst kröfur um mikla notkun og mikið vindálag.
Hurðir skulu afhentar með vandaðri hurðapumpu, m. 90°stoppi og stöðunema í falsi.
Allan hurðabúnað, þar með talið hurðapumpur, skal bera undir verkkaupa, eftirlitsaðila verkkaupa og hönnuð hússins til samþykktar áður en innkaup og uppsetning fer fram. Verktaka er bent á að innifalið í tilboði hans skuli vera samvinna við endanlega útfærslu hurðarskráar með verkkaupa og hönnuði, þar sem verktaki skal afhenda gögn fyrir hurðarskrá til hönnuðs.

# Innihurðir

Verktaki skal leggja til, smíði og setur upp og gengur frá innihurðum ásamt hurðabúnaði líkt sýnt er á teikningum hönnuða og innihurðaskrá, ásamt öllu tilheyrandi sem þarf til að fullklára verkþáttinn. Á innihurðir skal setja lamir, handföng, hurðarskrár og allan búnað sem þarf fyrir fullbúna innihurð. Athygli er vakin á að veggir geta verið misþykkir. Mjög mikilvægt er að mæla sérstaklega fyrir hverri hurð áður en hún verður framleidd og taka mið af þeirri mælingu við smíðina. Karma skal stilla nákvæmlega í lá og línu. Rauf milli karms og veggjar skal vera bein og jafnbreið allan hringinn. Hurðaflekar skulu smíðaðir skv. innihurðayfirliti hönnuða.

Innihurðir skulu vera timbur/plast hurðir.

# Gluggar

Verktaki skal leggja til, smíða og setja upp glugga ásamt öllu tilheyrandi sem þarf til þess að fullklára verkþáttinn. Allir gluggar í byggingunni eru ál-timbur gluggar. Gluggarnir skulu vera duftlakkaðir í litnum RAL9010. Prófílar í gluggakörmum skulu vera 50mm þykkir. Gert er ráð fyrir 10mm fúgu umhverfis glugga og eru gluggar málsettir með smíðamáli á glugga teikningum. Gluggar skulu vera festir samkvæmt framleiðanda glugga í steypta útveggina.

# Frágangur umhverfis glugga og hurða:

Gluggar skulu vera með tveggja þrepa þéttingu. Innra þrep er hefðbundin þétting kíttis, pulsu og tróðs. Ytri þétting skal vera EPDM borði og áfella.
Milli glugga/hurðarkarms og steypts útveggs skal líma EDPM borða. Borði skal vera staðsettur samvkæmt teikningu og vera límdur allan hringinn kringum alla glugga og hurðar í byggingunni. Þrífa skal yfirborð steypu og karma með viðeigandi efnum samkvæmt framleiðanda borða áður en þeir eru límdir á. Klemmilista er síðan komið fyrir yfir þéttiborða og festur í gluggakarm.
Áfellur verða festar í klemmilista og undir klæðningu skv. deiliteikningum.

Samþykkt
Hafnarfjörður
Byggingarfulltrúi

## SKÝRINGAR:

Allar málsetningar eru í mm nema annað sé tekið fram
Allir hæðarkótar eru í m
Allir hæðarkótar eru í ISH2004
Öll hnit eru í ISNET93




3 Útveggur - Gluggi
1 : 5




4 Útveggur - Gluggi - Lárétt
1 : 5

0mm 100mm 200mm 300mm 400mm 500mm
1:5 (A1)

| ÚTGÁFUFERILL | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
| 01 | 11.01.2024 | BYGGINGARTEIKNING | SIS | AMS | AMS |

| DAGS. UNDIRSKRIFTAR | F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.) |
|---|---|
| 01.03.2024 | Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429<br>anmsn@cowi.com<br>s: 8219839 |
| **DAGS. UNDIRSKRIFTAR** | **SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.)** |
| 01.03.2024 | Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429<br>anmsn@cowi.com<br>s: 8219839 |

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: 28.03.23 - ÚTGÁFA: 01

HÖNNUÐUR

MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS
Stöðvarhús II - Mhl. 19
Óseyrarbraut 16
220 Hafnarfjörður

HEITI TEIKNINGAR
VERKTEIKNING
Deili - Gluggar og hurðir

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | | STÆRÐ |
|---|---|---|---|
| 07.03.24 | 1 : 5 | | A1 |
| **VERKNÚMER** | **VERKHLUTI** | **TEIKNINGANÚMER** | **ÚTGÁFA** |
| 2.110.157 | 000 | CDR-0401 | 01 |

TÖLVUSKRÁ: Autodesk Docs://Colas - Óseyrarbraut 16/BIK_A_ARK.rvt

PRENTAÐ: 7.3.2024 13:28:44




5 Úthorn - Lárlett
1 : 5




6 Útveggur
1 : 5




7 Útveggur / Sökkull
1 : 5




8 Milliveggur / Gryfja
1 : 5

# Útveggir:

**Uppbygging útveggja er eftirfarandi:**
- Vinklar festir í steyptan vegg með tjörupappa á milli vinkils og steypu
- Einangrun - 125mm veggplata
- Leiðari festur á vinkla
- Viroc plötur festar á leiðara.
- Göt umhverfis glugga og hurðir lokuð með áfellum
- Gataplata sett við jörðu til að loka klæðningu.

**Einangrun útveggja:**
Einangra skal útveggi byggingarinnar að utanverðu, niður að sökkuleinangrun, með 125 mm þykkri steinullar einangrun, 80 kg/m3. Einangrunina skal skorða í lóðréttu undirkerfi klæðningar. Passa skal að engar rifur eða glufur myndist á milli einangrunarplatna, eins skal passa að einangrun liggi þétt að steypu og undirkerfi klæðningarinnar.

**Undirkerfi:**
Undirkerfi fyrir Viroc klæðningu skal vera undirkerfi sem framleiðandi/söluaðili samþykkir. Það skal byggt upp af burðarvinklum úr áli sem festir eru á steypta veggi með heithúðuðum múrboltum, setja skal millilegg úr 2mm tjörupappa milli burðarvinkla og steypu nema að framleiðandi mæli til um annað. Festa skal lóðrétta T eða L álleiðara á burðarvinkla. Leiðara skal afrétta. Verktaki skal velja viðeigandi stærðir á vinkla og leiðara þanngi að loftbil milli einangruna og klæðningar verði 25mm.

**Klæðning:**
Klæða skal lóðrétt undirkerfi Viroc plötum sem eru 16mm þykkar og 1250mm breiðar. Festa skal plötur á undirkerfi með skrúfum og festingum frá framleiðanda.
Plötum skal raðað samkvæmt ásýndarteikningum arkitekts. Á milli platna skal vera 5mm bil. Ganga skal frá klæðningu á úthornum, umhverfis útihurðir, glugga, að neðra byrði þakkanta og neðri brún klæðningar skv. prinsipdeilum arkitekta og leiðbeiningum framleiðenda klæðningar.
Viroc plötur skal skrúfa í lóðrétt undirkerfi klæðningarinnar c/c 150mm með með viðeigandi skrúfum samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda/söluaðila.
Verktaki setur gataplötu í klæðningu, möskvastærð í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.
Gataplatan skal vera samfell svo sem auðið er og samskeyti ekki gisnari en möskvinn sjálfur. Áður en gengið verður frá endanlegri klæðningu skal tryggt að frágangur gataplötu sé fullnægjandi og að gengið hafi verið tryggilega frá áfellum við glugga og útihurðir.

**Glugga-, hurðaáfellur og vatnsbretti:**
Verktaki skal sjá um allan frágang glugga- og hurðaáfellna og vantsbretta samkvæmt teikningu arkitekta, hluta- og deiliteikningum og fyrirmælum framleiðanda viðkomandi byggingarefna.
Áður en gengið er frá endanlegri útveggjaklæðningu og eftir að ísetningu og þéttingu útihurða, glugga og gluggakerfa er lokið skal koma fyrir glugga- og hurðaáfellum og vatnsbrettum.

Framkvæma skal eftirfarandi:
Glugga- og hurðaáfellur yfir og á hliðum útihurða, glugga og gluggakerfa:
Koma fyrir gluggaáfellum fyrir ofan og við hlið útihurða og glugga. Hafa skal prinsipdeiliteikningar og áfelluteikningar til viðmiðunar við fyrirkomulag áfella.
Vatnsbretti undir útihurðum, gluggum og gluggakerfum:
Koma fyrir vatnsbrettum undir útihurðum, gluggum og gluggakerfum. Hafa skal prinsipdeiliteikningar og áfelluteikningar til viðmiðunar við fyrirkomulag áfella.
Vatnsbrettin og áfellur skal festa í klemmilista sem er festur í hurðarkarma og glugga og skrúfa við útveggjaklæðningu þannig að það lofti á milli vatnsbrettis og klæðningar.

Alla þakkanta, glugga- og hurðarop skal klæða með áfellum. Frágangur í kringum glugga og hurða er allstaðar eins í byggingunni. Ál vatnsbretti í neðri brún glugga og áfellur í hliðum og efri brún glugga og hurða. Áfellur skulu vera ál áfellur úr 2mm áli. Smíða og beygja skal áfellur eftir teikningum. Mikilvægt er að verktaki kynni sér öll mál á staðnum og samræmi það við teikningar áður en smíði á áfellum hefst. Festa skal áfellur samkvæmt deiliteikningum. Áfellur festast ýmist í klæðningar, klemmilista eða aðra byggingarhluta. Áfellur í efri brún glugga og hurða skulu vera með með 8mm drengati sem er borað í áfellur. Allar áfellur eru RAL9010

Samþykkt
Hafnarfjörður
Byggingarfulltrúi

## SKÝRINGAR:

Allar málsetningar eru í mm nema annað sé tekið fram
Allir hæðarkótar eru í m
Allir hæðarkótar eru í ISH2004
Öll hnit eru í ISNET93

0mm 100mm 200mm 300mm 400mm 500mm
1:5 (A1)

ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 11.01.2024 | BYGGINGARTEIKNING | SIS | AMS | AMS |


DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839


BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: 28.03.23 - ÚTGÁFA: 01


HÖNNUÐUR
MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169


© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS
Stöðvarhús II - Mhl. 19
Óseyrarbraut 16
220 Hafnarfjörður

HEITI TEIKNINGAR
VERKTEIKNING
Deili - Veggir

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | | STÆRÐ |
|---|---|---|---|
| 07.03.24 | 1 : 5 | | A1 |
| **VERKNÚMER** | **VERKHLUTI** | **TEIKNINGANÚMER** | **ÚTGÁFA** |
| 2.110.157 | 000 | CDR-0402 | 01 |

TÖLVUSKRÁ: Autodesk Docs://Colas - Óseyrarbraut 16/BIK_A_ARK.rvt




7 Þakkantur - Neðri
1 : 5




8 Þakkantur - Efri
1 : 5

## Þakfrágangur

**Efri þakkantur:**
**Lektur:**
Verktaki skal útvega og koma fyrir timburlektum á efri þakkant skv. teikningu. Lektur eru lóðréttar timburlektur 45x45mm festar á steyptann bitann.
**Timburlisti:**
Verktaki skal festa fleygskorinn timburlista 47x100mm með c/c 600 millibili. Mikilvægt er að fleygskera alla timburlista með 20 gráðu halla.
**Einangrun:**
Einangrun er fest milli lekta og timburlista skv. teikningu. Steinull 20mm skulu vera á hliðum og 45mm á toppinum.
**Krossviður:**
Ofan á lektur og timburlista er komið fyrir 12mm krossvið sem er festur í lista og lektur.
**Áfella:**
Áfelluhatti skal koma fyrir ofan á þakkant. Beygja skal áfelluhatt skv. deili- og áfelluteikningum. Áfellum skal skorða nákvæmlega og skrúfa í undirlag með sjálfborandi álskrúfum skv. framleiðanda.

**Gafl:**
Sambærilegur frágangur og við efri þakkant með smávægilegum breytingum.

**Neðri þakkantur:**
**Áfella við neðri þakkant:**
Koma skal fyrir áfellu sem beinir vatni ofan í þakrennu. Áfella skal vera samkvæmt deili- og áfelluteikningum.
Verktaki skal festa áfellu milli tveggja yfirlekta og þakbáru.

## Þakfrágangur

**Þakfrágangur að innan:**
**Einangrun:**
Verktaki skal einangra þak byggingar. Einangrun skal vera 220mm þakull 30kg/m³ með áföstum vindpappa. Einangrun skal koma fyrir á milli timbursperra. Verktaki skal gæta þess að ullin fylli vel út í hvert sperrubil.

**Rakavarnarlag:**
Verki skal koma fyrir rakavarnarlagi undir einangrun þaks. Mikilvægt er að ganga vel frá rakavarnarlagi meðfram öllum byggingarhlutum og skal vanda mjög vel til verka við frágang á rakavarnarlagi. Hvergi má vera loft/rakaleki og skal rakavarnarlag skarast vel og samskeyti lím með viðurkenndu límbandi sem sérstaklega er ætlað fyrir rakavarnarlag.
Hönnun er miðuð við SIGA lausn bæði að innan og utan og því skal verktaki nota SIGA Majpell 25 eða sambærilegt, að innanverðri einangrun. Rakavarnalagið skal límt upp með SIGA Twinet tvöföldu límbandi eða sambærilegu á timbursperrur. Öll samskeyti rakavarnarlags þ.á.m. þar sem að byggingahlutar rjúfa rakavarnarlag, skulu þétt með SIGA Sicrall límbandi eða sambærilegu.
Mikilvægt er að verktaki kynni sér vel gögn frá framleiðanda rakavarnarlags fyrir uppsetningu á rakavarnarlagi.
Gerð er krafa um EMICODE einkunn EC 1 Plus fyrir efni rakavarnarlags og líms.
Eiginleikar rakavarnarlags sem þarf að uppfylla:
• Sd gildi 25 m
• Eðlisþyngd 115-130 g/m²

**Timburgrind:**
Í lofti þjónustuhúss skal koma fyrir timburgrind í loft eftir að lokið er að setja upp rakavarnarlag. Timburgrind skal vera ú timburlitsum 34x70mm bæði lóðrétt og lárétt. Bil milli timburlista skal vera c/c600 mm. Verktaki skal byrja á að festa timburlektur þvert á sperrur. Grind skal festast með tréskrúfum 6x100mm í sperrur og síðan í lektur.

**Gifsklæðning:**
Í lofti skal koma fyrir 13mm gifsplötum. Gifsplötur skulu vera festar í timburgrind með gifsskrúfum. Gæta skal þess að uppdeiling sé regluleg og skrúfaðar beinar og reglulegar.

**Þakfrágangur að utan:**
**Borðaklæðning:**
Verktaki skal setja borðaklæðningu á þak. Um er að ræða 25x150mm furuborð. Klæðning skal skal negld í þaksperrur með galvanhúðuðum saum 3,1x75mm. Borðaklæðningin leggst þvert á þaksperrur og skulu borðin vera sett saman á sperrum. Borðaklæðning skal vera gisin og er því mikilvægt að verktaki passi upp á að bil milli borða sé 5mm. Hvert borð skal vera neglt í hverja sperru með 3 stk af 31/75 riffluðum byssusaum eða samsvarandi.

**Krossviður í neðri brún þaks:**
Verktaki skal setja krossvið 2x12mm á neðri þakkant skv. teikningum. Krossviður skal vera festur í hverja sperru með 3 stk af 31/75 riffluðum byssusaum eða samsvarandi.

**Þakdúkur:**
Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir Siga Majcoat þakdúk (eða sambærilegan dúk) undir þakklæðningu á þak. Þakdúkur festist við borðaklæðningu með heftum. Þakdúkur leggist langsum eftir þakinu og skarist um minnst 250 mm á þversum samskeytum og 100 mm á langsum samskeytum. Samskeyti og samtengingar á dúk skal líma saman. Gera skal ráð fyrir að dúkur verður þéttur með límbandi í kringum hluti sem rýfur vatnsvarnarlagið. Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda um niðurlögn á dúknum þ.m.t. skörun og þéttleika festinga. Krafa er gerð um að fagmenn leggi þakdúkinn og eru miklar kröfur gerðar til lagningar og alls frágangs á dúknum. Lögð er rík áhersla á að gert sé við allar skemmdir sem dúkurinn kann að verða fyrir á faglegan hátt. Farið er fram á að gengið sé yfir þakflötinn og hann skoðaður m.t.t. slysagata og þau löguð með gufuopið límbandi breidd ≥ 60mm og SD ≤ 2m, (t.d. Siga Wigluv). Við niðurlögn á dúk má setja festingar (hefti) þar sem dúkur skarast yfir en setja skal undirlektur því sem næst jafn óðum og dúkur er lagður.

**Undirlektur 22x45mm:**
Verktaki skal útvega og koma fyrir furulektum á þak hússins. Þegar verktaki hefur lokið við að setja þakdúk skal hann koma fyrir undirlektum, 22x45 mm hefluðu furuefni. Lektur skulu leggjast þvert á núverandi borðaklæðning. Miða skal við c/c 600 mm eða á sperrum. Festa skal lektur með 4,5x40 mm ryðfríum tréskrúfum. Áður en lekta er fest skal líma á hana (Siga nail sealing tape 2) borða (eða sambærilegt), á þá hlið sem snýr að þakdúk, þetta er gert til að fá aukaþéttingu meðfram skrúfu þegar þakdúkur gatast. Siga Nail sealing tape 2 er 4 mm þykkt og 50 mm breitt.

**Yfirlektur 34x70mm:**
Verktaki skal útvega og koma fyrir furulektum á þak hússins. Þegar neðri lektur hafa verið settar á þakdúk skal koma fyrir 34x70mm hefluðum furulektum ofan á undirlektur (22x45 mm). Lektur skulu liggja í sömu stefnu og borðaklæðning. Skrúfa skal lektur ofan í sperrur í gegnum undirlektur og í gegnum borðaklæðningu og niður í sperrur. Nota skal ryðfríar tréskrúfur 6,0x70 mm, 2 stk á hvern festipunkt. Lektur skulu staðsetjast svo hægt sé að negla bárrustál 100mm frá neðri brún, næsta 250mm frá neðri brún og svo c/c 40cm. Við gafla skal negla lektur 50cm inn á þakið með c/c20cm.

**Báruklæðning þaks:**
Liður þessi felur í sér að leggja til og setja þakklæðningu á þak. Hliðarskörun sé ein og hálf bára. Þakklæðningu skal negla með heithúðuðum kambþaksaum 4,2x65 mm og skulu þéttingar vera undir nöglum. Naglahaus skal vera í sama lit og þakstál. Neðsta röð skal neglast 100 mm frá neðri brún í aðra hverja hábáru, næsta röð 250 mm frá neðri brún og skal hún einnig neglast í aðra hverja hábáru. Aðrar neglingaraðir neglist í aðra hverja hábáru c/c 40 cm á milli raða ofan í lektur 34x70 mm. Við gafla skal negling vera c/c 20cm 50cm frá útbrún. Þakklæðning skal vera úr minnst 0,6 mm þykku báruðu stáli og húðun að utan sem uppfyllir RC4 tæringarflokk . Plötur skulu vera í heilum lengdum frá efri brún þaks og að rennu og skarast um eina og hálfa báru. Skörun skal vera undan ríkjandi rigningarátt. Áður en plötur eru settar á þakið skal forbora naglagötin í þær frá bakhlið. Göt skulu vera 1mm sverari en sá saumur sem notaður er. Bannað er að bora, klippa eða skera plötur uppi á þaki.Verktaki skal gæta þess sérstaklega að fjarlægja allar stálagnir, flísar og afskurði af verksvæðinu. Kjaljárn og svuntur eru úr sama efni og sömu þykkt og þakplötur. Lágbárur skal beygja upp með töng og einnig setja báraðan polyetylenlista undir kantáfellur og kjöljárn svo tryggt sé að snjófjúk komist ekki undir þakplöturnar. Slétt stál skal festa ofan á aðra hverja báru með samskonar saum og þakjárn. Festingar eru einungis milli báru og slétts stáls. Þar sem með þarf t.d. við brot o.fl. skal rafsjóða. Báruklæðning á þaki skal vera í litnum RAL9010.

Samþykkt
Hafnarfjörður
Byggingarfulltrúi

## SKÝRINGAR:
Allar málsetningar eru í mm nema annað sé tekið fram
Allir hæðarkótar eru í m
Allir hæðarkótar eru í ISH2004
Öll hnit eru í ISNET93




9 Veggur í þaki
1 : 5




10 Stálbiti í þaki
1 : 5




11 Þakkantur - Hlið
1 : 5

0mm 100mm 200mm 300mm 400mm 500mm
1:5 (A1)

| ÚTGÁFUFERILL | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
| 01 | 11.01.2024 | BYGGINGARTEIKNING | SIS | AMS | AMS |

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: 28.03.23 - ÚTGÁFA: 01

HÖNNUÐUR
MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169
© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS
Stöðvarhús II - Mhl. 19
Óseyrarbraut 16
220 Hafnarfjörður

HEITI TEIKNINGAR
VERKTEIKNING
Deili - Þak

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | | STÆRÐ |
|---|---|---|---|
| 07.03.24 | 1 : 5 | | A1 |
| VERKNÚMER | VERKHLUTI | TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
| 2.110.157 | 000 | CDR-0403 | 01 |

PRENTAÐ: 7.3.2024 13:28:45
TÖLVUSKRÁ: Autodesk Docs://Colas - Óseyrarbraut 16BK_A_ARK.rvt

PRENTAÐ: 7.3.2024 13:28:45

# ÁFELLUR




## Áfellur

Alla þakkanta, glugga- og hurðarop skal klæða með áfellum. Frágangur í kringum glugga og hurða er allstaðar eins í byggingunni. Ál vatnsbretti í neðri brún glugga og áfellur í hliðum og efri brún glugga og hurða. Áfellur skulu vera ál áfellur úr 2mm áli. Smíða og beygja skal áfellur eftir teikningum. Mikilvægt er að verktaki kynni sér öll mál á staðnum og samræmi það við teikningar áður en smíði á áfellum hefst. Festa skal áfellur samkvæmt deiliteikningum. Áfellur festast ýmist í klæðningar, klemmilista eða aðra byggingarhluta. Áfellur í efri brún glugga og hurða skulu vera með með 8mm drengati sem er borað í áfellur. Áfella í neðri brún þaks skal vera fest undir fest á lektur og og bárujárn lagt yfir áfellu. Allar áfellur skulu vera í litnum RAL9010.

Samþykkt
Hafnarfjörður
Byggingarfulltrúi

## SKÝRINGAR:

Allar málsetningar eru í mm nema annað sé tekið fram
Allir hæðarkótar eru í m
Allir hæðarkótar eru í ISH2004
Öll hnit eru í ISNET93

0mm 100mm 200mm 300mm 400mm 500mm
1:5 (A1)

ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 11.01.2024 | BYGGINGARTEIKNING | SIS | AMS | AMS |

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: 28.03.23 - ÚTGÁFA: 01

HÖNNUÐUR
MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS
Stöðvarhús II - Mhl. 19
Óseyrarbraut 16
220 Hafnarfjörður

HEITI TEIKNINGAR
VERKTEIKNING
Áfellur

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | | STÆRÐ |
|---|---|---|---|
| 07.03.24 | 1 : 5 | | A1 |
| VERKNÚMER | VERKHLUTI | TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
| 2.110.157 | 000 | CDR-0404 | 01 |

TÖLVUSKRÁ: Autodesk Docs://Colas - Óseyrarbraut 16/BIK_A_ARK.rvt

PRENTAÐ: 7.3.2024 13:28:45




| Týpa | Fjöldi | Hæð gatmáls | Breidd gatmáls | Umferðarbreidd | Umferðarhæð | Opnunarstefna (H/V) | Hljóðkrafa | Brunakrafa | Lásakerfi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| IH-01 | 2 | 2100 | 900 | 1500 | 2050 | Vinstri | Engin | Engin | |
| ÚH-01 | 1 | 2200 | 1010 | 840 | 2140 | Hægri | Engin | Engin | |
| ÚH-02 | 1 | 2200 | 1580 | 1360 | 2140 | Hægri | Engin | Engin | |

Samþykkt
Hafnarfjörður
Byggingarfulltrúi

## SKÝRINGAR:

Allar málsetningar eru í mm nema annað sé tekið fram
Allir hæðarkótar eru í m
Allir hæðarkótar eru í ISH2004
Öll hnit eru í ISNET93

0mm 400mm 800mm 1200mm 1600mm 2000mm
1:20 (A1)

### ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 11.01.2024 | BYGGINGARTEIKNING | SIS | AMS | AMS |

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: 01.03.2024
SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.)
Andri Martin Sigurðsson, kt: 170583-4429
anmsn@cowi.com
s: 8219839

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM - DAGS.: 28.03.23 - ÚTGÁFA: 01

HÖNNUÐUR
MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS
Stöðvarhús II - Mhl. 19
Óseyrarbraut 16
220 Hafnarfjörður

HEITI TEIKNINGAR
VERKTEIKNING
Glugga- og hurðateikning

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | STÆRÐ |
|---|---|---|
| 07.03.24 | 1 : 20 | A1 |

| VERKNÚMER | VERKHLUTI | TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|
| 2.110.157 | 000 | CDR-0501 | 01 |

TÖLVUSKRÁ: Autodesk Docs://Colas - Óseyrarbraut 16/BIK_A_ARK.rvt